

**A 1649/medborger**

Lagt fram af:  
Rasmus Nordqvist (ALT)

Fjallað um í:  
Borgara- og neytendanefnd

Málsnúmer 15-00184-1

## **Þingmannatillaga um stofnun norrænnar miðstöðvar um þátttöku borgaranna og lýðræðispróun**

Norrænu þjóðirnar hafa löngum verið hver annarri fyrirmynd þegar kemur að þróun aðgerða til eflingar lýðræðis og þátttöku borgaranna. Vandað og markvisst starf að lýðræðispróun og þátttöku borgaranna er forsenda þess að við getum stöðugt bætt lýðræðisleg ferli í samfélaginu. Þrátt fyrir að norræn samfélög séu ein hin lýðræðislegustu í heimi verðum við sífellt að leggja okkur fram um að efla stoðir lýðræðisins og ákvarðanaferli samfélagsins þannig að tengsl séu sterk milli almennings og ráðamanna, hvort sem þau eru staðbundin, svæðisbundin, á landsvísu eða í alþjóða-samstarfi.

Mikilvægt er að þróa og auka skilning á lýðræðinu, ekki síst meðal ungmenna og nýrra borgara sem geta haft þörf fyrir skipulagðari fræðslu um norræna lýðræðishefð. Á sama tíma ættu norrænu löndin að sýna áhuga á lýðræðislegum viðfangsefnum og reynslu annarra landa sem gætu orðið kveikjan að svipuðum eða nýjum aðgerðum.

Með hliðsjón af framangreindu gæti verið áhugavert ef norrænu ríkisstjórnirnar tækju höndum saman um að stofna sameiginlega starfsmiðaða rannsóknastofnun með það markmið að kortleggja, efla og styðja mótun nýrra leiða til þátttöku borgaranna og lýðræðispróunar. Stofnunina mætti t.d. byggja upp í samstarfi norrænna og alþjóðlegra rannsóknnaumhverfa, lýðræðishreyfinga og annarra aðila borgarasamfélagsins sem málið varðar.

Með hliðsjón af framangreindu leggur Rasmus Nordqvist úr flokkahópi vinstri sósíalista og grænna til að Norðurlandaráð hvetji norrænu ríkisstjórnirnar til þess

að vinna tillögu að stofnun Norrænnar miðstöðvar um þátttöku borgaranna og lýðræðispróun sem myndi starfa sem sameiginleg og starfsmiðuð rannsóknastofnun á sviði þátttöku borgaranna og lýðræðispróunar;

að norrænu löndin leggi fram fé til þess að miðstöðin geti starfað í fimm ár til að byrja með en starfsemi miðstöðvarinnar verði metin að fjórum árum liðnum;

að Norðurlandaráð samþykki að miðstöðin fái stjórn nú þegar á árinu 2015 og að stjórnin fái fjárveitingu til reksturs þannig að hægt verði að ráða forstöðumann miðstöðvarinnar eigi síðar en 1. janúar 2016 og að miðstöðin verði fullmönnuð eigi síðar en á miðju ári 2016.

Kaupmannahöfn, 31. ágúst 2015

*Rasmus Nordqvist (ALT)*

Norðurlandaráð

**A 1649/medborger**

Lagt fram af:  
Rasmus Nordqvist (ALT)

Fjallað um í:  
Borgara- og neytendanefnd

Málsnúmer 15-00184-1